

Tillaga skóla- og frístundaráðs

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. nóvember 2020, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til leikskólans Krílasels verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 25 reykvískra barna í stað 20 nú frá 6/9 mánaða til 36 mánaða og að framlag vegna barnanna verði til samræmis við samninga við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla. Breytingin taki gildi 1. desember 2020. Fyrirvari er gerður um að komið geti til breytinga vegna aldursviðmiðs í tengslum við breytingar á lögum um fæðingarorlof. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að gera viðauka við núgildandi samning leikskólans Krílasels, dags. 10. febrúar 2019, vegna framlagsins.

Greinargerð:

Hér er lagt til að fallist verði á að greiða aukið framlag til sjálfstætt rekna ungbarnaleikskólans Krílasels. Heimilt verði að greiða framlag vegna 25 reykvískra barna í stað 20 frá 6/9 mánaða til 36 mánaða og að framlag vegna barnanna verði til samræmis við núverandi samning skóla- og frístundasviðs við Krílasel, dags. 10. febrúar 2019. Breytingin taki gildi 1. desember 2020.

Fyrirvari er gerður um mögulegar breytingar á þjónustusamningi skóla- og frístundasviðs við Krílasel vegna barna 6/9 mánaða til 36 mánaða til samræmis við breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 um lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði frá og með janúar 2021. Nú þegar er fæðingarorlof hjóna og sambúðarfólks samkvæmt framangreindum lögum komið í tíu mánuði. Gera má ráð fyrir að gerð verði sú breyting á samningum við sjálfstætt rekna leikskóla að framlag verði greitt vegna barna hjóna og sambúðarfólks frá tólf mánaða aldri og fyrir börn einstæðra foreldra og námsmanna frá sjö mánaða aldri.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 10. nóvember 2020.